

## III. KAFLI.

**Refsiákvæði og gildistaka.**

## 16. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 7. apríl 1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og kýlapestar í sauðfé og geitum nr. 556 24. september 1982.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. október 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 336/1992 um greiðslumark  
sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda  
verðlagsárið 1993-1994.**

## 1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, er verði 5. mgr., svohljóðandi:

Nú hættir framleiðandi sauðfjárrækt og fargar fjárstofni sínum og er honum þá heimilt að nýta greiðslumark verðlagsársins 1994-1995 fyrir þann hluta innleggs sem ekki rúmast innan efri marka greiðslumarks fyrir verðlagsárið 1993-1994. Réttur til beinna greiðslna verðlagsárið 1994-1995 verður eins og um innlegg það ár sé að ræða á þessum hluta framleiðslunnar. Sé ábúandi annar en eigandi lögbýlisins ber honum að fá samþykki eiganda fyrir þessari ráðstöfun greiðslumarks lögbýlisins verðlagsárið 1994-1995. Framleiðandi skal semja við afurðastöð um greiðslu fyrir þær sláturafurðir sem færast til innleggs á verðlagsárinu 1994-1995, en afurðastöð skal halda þeim aðgreindum í birgða- og framleiðslubókhalda. Það teljast lok á sauðfjárframleiðslu skv. þessari málsgrein, þótt framleiðandi haldi eftir allt að tíu kindum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. september 1993.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*